

Starfsskýrsla Æskulýðsnefndar Dreyra 2011

Í æskulýðsnefnd 2011 voru

Sigríður Þorsteinsdóttir

Sigrún Baldursdóttir

Svanhildur Sigríður Ríkharðs

Stina Laatch

Veturinn 2011 byrjaði á pizzuhádegishlaðborði í janúar þar sem um 40 manns, börn og fullorðnir, mættu. Dagskrá vetrarins var kynnt og fór fram skráning á námskeið sem haldin voru í febrúar.

Námskeiðahald hófst í byrjun febrúar. Æskulýðsnefndin ákvað að bjóða krökkunum á þessi námskeið þeim að kostnaðarlausu og vorum við svo heppin að Jón Árnason og frú buðu okkur reiðhöllina sína fyrir námskeiðin hjá yngri hópnum. Á sunnudagsmorgnum voru yngir krakkarnir (10 ára og yngri) en á þriðjudagseftirmiðdögum voru námskeið fyrir 11 ára og eldri. Í yngri hópnum voru 12 krakkar og 8 í þeim eldri. Á námskeiðinu hjá þeim yngri var lögð áhersla á stjórnun og jafnvægi knapana og voru miklar Latabæjaræfingar (jafnvægisæfingar) æfðar. Hjá eldri krökkunum var farið í framfótasnúning, tölt, stökk og sætisæfingar. Kennarinn var Sigríður Þorsteinsdóttir (með leiðbeinenda og tamningapróf frá Hólaskóla).



6. mars var haldið bingo þar sem var fullt út úr dyrum. Við fengum rosalega mikið af flottum vinningum frá fyrirtækjum á Akranesi auk nokkurra í Reykjavík. Bingóið hófst kl 13 og var einnig til sölu kaffi og með því. Skemmtunin stóð til að verða 16 og fengu flest allir vinning, enda voru vinningarnir 75 talsins. Ætlunin er að hafa þetta bingo árlega.

22.apríl (föstudaginn langa) var ákveðið að blása til keppni fyrir öll börn og unglunga. Þetta var með heldur óhefðbundnu móti þar sem við settum upp þrautabraut á hringvellingum hjá okkur og allir keppendur (auk hesta) mættu í búningum. Þannig að allir ættu sama möguleika voru flokkarnir hafðir 2 flokkar í



tímatökunni. Annarsvegar flokkur þar sem teymt var undir krökkum og svo þau sem treystu sér til að ríða brautina sjálf. Verðlaunaafhending var haldin inni í félagsheimili að keppni lokinni og var þá einnig boðið upp á vöfflur og kaffi. Ákveðið var, þar sem þetta var skemmtimót, að allir sem tækju þátt fengju verðlaun og voru verðlaunin minnsta páskaegg á fæti. Svo fengu þau sem unnu tímatökurnar og flottustu búningana stærri egg að auki. Mjög mikil ánægja var meðal barna og foreldra með þennan dag og reiknum við með því að gera þetta líka að árlegum viðburði og reiknum með því að enn flottari búningar og skreytingar á hestum verði næsta vetur því til mikils er að vinna.

Stærsti viðburðurinn 2011 var svo Þingeyrarferðin sem farin var um hvítasunnuhelgina (9-11.6)

Við semsagt í samstarfi við Helgu Toroddsen á Þingeyrum fórum með 10 krakka 11 ára og eldri norður að Þingeyrum í náms- og skemmtiferð. Krakkarnir fengu bæði verklegar og bóklegar kennslustundir og sá Helga um að kenna auk Kristine sem var að vinna hjá henni. Krakkarnir og þau fullorðnu sem fóru með fóru með sín eigin hross norður.

Hér kemur ferðasagan eins og hún leggur sig

Ferðin hófst á fimmtudagsmorgninum og var hestaflutningabillinn mættur kl 8 upp í Æðarodda að sækja hestana. Þar

röðuðum við krökkunum niður í okkar einka bíla, 10 krakkar og 7 fullorðnir. Við brunuðum norður og vorum komin á Þingeyrar um hádegið. Við tókum hrossin af bílnum og gengum frá þeim, komum okkur fyrir í gistihúsinu og svo byrjaði fyrsta kennslustund hjá krökkunum kl 14 niður í hesthúsi. Í þeim tíma fóru Helga og Kristine



með krakkana yfir leiðtogahlutverkið, vinnu í hendi, fóru yfir skynjun hestsins,

teyma í hendi ofl. Eftir fyrstu kennslustund var farið í stuttan reiðtúr, bæði

börn og fullorðnir. Eftir reiðtúrinn var farið upp í hús, grillaðir borgarar og

krakkarnir fóru að spila og spjalla fram að háttatíma. Á föstudagsmorgningum

var vakið kl 8 og fyrsti reiðtími byrjaði 9. Þann dag var hópnum skipt í tvennt.

Fyrir hádegi fór annar hópurinn í bóklegt hjá Kristínu og fór hún yfir jafnvægi

knapans á hestinum, að geta stjórnað hestinum með sem minnstum bendingum,

líkamsæfingar fyrir knapana sjálfa ofl. Hinn hópurinn var inni í höll með Helgu í

ásetuæfingum. Hóparnir skiptust á hlutverkum eftir hádegismatinn. Eftir að

tímunum eftir hádegið var lokið var smá kaffipása þannig að hestarnir gætu

aðeins blásið og krakkarnir fengið smá næringu. Eftir kaffið var svo farið í annan



reiðtúr þar sem foreldrunum var aftur boðið með og var farið í góðan reiðtúr um jörðina. Eftir reiðtúrinn var hestunum sleppt út og krakkarnir áttu frjálstan tíma fram að kvöldmat. Farið var á Blönduós og allir í sund í nýju lauginni og kíkt í sjoppu. Eftir að heim var komið gátu krakkarnir þó ekki stillt sig um að vera „hestlaus“ og ætluðu þau bara að fara aðeins og klappa hestunum meðan fullorðna fólkið var að grilla og gera matinn tilbúinn. Þegar við lítum svo niður að hesthúsum eru allir krakkarnir komnir á bak berbakt og var stemningin rosalega góð, fáir sem höfðu áður farið berbakt en öll fóru þau þó á bak, nokkur dattu án meiðsla þó og allir skemmtu sér rosalega vel. Kvöldmaturinn þetta kvöld var flott grill og borðuð allir á sig gat. Eftir matinn var veðrið svo æðislegt að krakkarnir fóru út og var rosalega mikið stuð hjá þeim, spilað, kíkt í pottinn og svona farið að huga að svefni upp úr miðnættinu. Þegar við vorum búin að reyna að koma liðinu í bælið ákváðu nokkrir að fara út með dýnur og svefnpoka og sofa úti. Um leið og



fyrstu ákváðu að fara að út fór restin að liðinu að safnast út og loksins um kl 4 um nóttina voru allir sofnaðir úti. Á sunnudagsmorgninum var aftur vakið um 8 og reiðtíminn þann daginn kl 9. Í þessum síðasta reiðtíma ákváðu Helga og Kristine að setja upp þrautabraut þar sem reyndi á mismunandi ásetur, teymingar ofl sem þær höfðu farið yfir í tímunum með krökkunum. Þær

ákváðu að hafa þetta keppni milli krakkana og fengu 2 bestu tímarnir verðlaun. Eftir hádegið var farið í langan reiðtúr yfir Hópið og var það rosalega góður túr. Hestaflutningabíllinn kom svo aftur um 4 að sækja hrossin og vorum við búin að pakka öllu og ganga frá húsinu um 5. Núna 19 október er svo stefnt á að krakkarnir sem fóru norður hittist ásamt fjölskyldum sínum til að vera með smá myndakvöld og aðeins að hittast aftur.

Reynt var að hafa fjölskyldureiðtúra á sunnudögum og var það bara misjafnt eftir veðri ofl hvort og hverjir mættu í þá.

Svona var veturinn hjá okkur í grófum dráttum og vorum við rosalega ánægðar með hann og krakkana okkar alla.

Kv. Sigga, Sigrún, Svanhildur og Stína